



Véla- og rafeindatækjategygging

Skilmáli E-44

Tryggingin er samsett váttrygging fyrir vélar og rafeindatæki sem inniheldur bilanatryggingu og brunatryggingu. Til viðbótar eru þrjár valkvæðar tryggingar gegn viðbótariðgjaldi. Almenn ákvæði 6. kafla skilmálans gilda um alla þætti trygginganna.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Með brunatryggingu stofnast sjálfkrafa váttryggingarvernd hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992. Náttúruhamfaratrygging bætir tjón af völdum náttúruhamfara m.a. eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða sbr. 4. gr. laganna.

Efnisyfirlit:

- Bilanatrygging
- Brunatrygging
- Vatnstjónstrygging (valkvæð)
- Innbrotstrygging (valkvæð)
- Fok- og óveðurstrygging (valkvæð)
- Almenn ákvæði

1. Kafli. Bilanatrygging

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á váttryggðum búnaði vegna bilunar eða mistaka við notkun. Með bilun er átt við skyndilegar og ófyrirsjáanlegar skemmdir sem stöðva váttryggðan búnað. Með bilun er einnig átt við að ekki er unnt að gangsetja eða ræsa váttryggðan búnað þannig að nauðsynlegt reynist að gera við hann.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- vegna hvers konar veikleika eða galla sem voru fyrir hendi við gildistöku tryggingar og váttryggingartaka, hinum váttryggða, eða stjórnendum þeirra, var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um.
- sem framleiðenda, seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- vegna rangrar samsetningar.
- vegna breytinga sem eru gerðar á tækjum sem eru ekki í samræmi við fyrirmæli seljenda svo og notkun varahluta sem ekki eru viðurkenndir af seljanda.
- vegna ónógs viðhalds.
- sem takmarkast við hluti sem skipta þarf um reglulega við eðlilega notkun, þ.m.t. hjálparefni, rekstrarvörur, perur, rafhlöður, síur og lampar.
- vegna rýrnunar, hægfara eyðingar, tæringar, slits, ryðs eða annarra umhverfisáhrifa á lengri tíma.
- sem verður við flutning, viðgerð eða þegar váttryggður búnaður er af öðrum ástæðum utan váttryggingarstaðar.
- sem eingöngu eru rakin til gangtruflana.
- sem verður vegna þess að meira er lagt á tæki en þau þola eða þau eru ekki notuð eins og til er ætlast eða gerð þeirra leyfir.
- vegna kostnaðar við endurnýjun, endurheimtun eða endurvinnslu tapaðra eða skemmdra gagna.
- á hugbúnaði.
- af völdum tölvuárása.
- vegna rekstrartaps eða annars óbeins eða afleidds tjóns, þ.á.m. aukakostnaðar sem stofnað er til í því skyni að koma í veg fyrir rekstrartruflanir.

- sem orsakast af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi váttryggðs eða starfsmanna í ábyrgðarstöðu hjá honum, svo sem framkvæmdastjóra, verksmiðjustjóra, verkstjóra og vaktformanna, á því sviði sem þessi váttrygging tekur til.
- sem verða til vegna vatns, innbrota og óveðurs, sem bætist úr valkvæðum liðum samkvæmt skilmála þessum.

3. gr. Varúðarreglur

- Váttryggður skal gera allt sem eðlilegt getur talist til að halda váttryggðum búnaði í góðu lagi og sjá til þess að hann sé ekki keyrður með yfirálagi.
- Váttryggður skal í einu og öllu fylgja leiðbeiningum framleiðanda varðandi notkun, eftirlit og viðhald. Einnig eftir atvikum lögum og reglugerðum ríkis og sveitarfélaga og öðrum bindandi reglum sem í gildi eru varðandi notkun þeirra og viðhald.
- Starfsmenn váttryggðs og aðrir notendur skulu hafa viðeigandi réttindi og hlotið fullnægjandi þjálfun við notkun búnaðarins.

2. Kafli. Brunatrygging

4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir beint tjón á váttryggðum búnaði af völdum:

- Eldsvoða.** Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar.
- Eldingar.** Með eldingu er átt við varma eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Tryggingin bætir tjón af völdum eldingar þótt ekki verði laus eldur.
- Sprengingar.** Hér er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.
- Ketilskemmda.** Hér er átt við skemmdir á gufukatli eða háþrýstisuðkerfi sem myndast við venjulega notkun.
- Sótfalls frá viðurkenndu kynditæki og eldstæði.** Þegar tjón verður við skyndilegar og ófyrirséðar ástæður.
- Löftfars sem hrapar.** Hér er átt við tjón sem verður vegna löftfars eða hluta úr löftfari sem hrapar eða fellur af himnum ofan. Tryggingin bætir tjón þótt ekki verði laus eldur.
- Slökkvi- og björgunarstarfa.** Félagið greiðir sanngjarnan kostnað við björgun, flutning og geymslu á hinu váttryggða lausafé þegar markmið ráðstöfunarinnar er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir váttrygginguna. Það sama á við um lausafé, sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.

5. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- á rafmagnstækjum sem orsakast af eldingu, skammhlaupi eða öðru rafmagnsfræðilegu fyrirbæri, nema af því leiði eldsvoði eða sé afleiðing eldsvoða.
- sem verða vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- vegna sóts sem safnast hefur fyrir smám saman við notkun kynditækja.

6. gr. Varúðarreglur

- Váttryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- Váttryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á váttryggingarstað sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.
- Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og slökkviliðum.

3. Kafli. Vatnstjónstrygging (Valkvæð)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á vátrygngarskírteini.

7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir beint tjón á vátryggðum búnaði af völdum:

- vatns, sem streymir óvænt og skyndilega úr leiðslum húseignar og á upptök innan veggja hússins vegna mistaka eða bilana.
- vatns sem flæðir óvænt og skyndilega frá tækjum sem eru fasttengd leiðslum hússins, svo sem hreinlætistækjum, þvottavélum og kælískápum vegna mistaka eða bilana.
- jarðvegsvatns sem flæðir inn, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (ásahláku). Hér er átt við að vatnsmagnið verði skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll ná ekki að leiði það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.
- olíu eða kælivökva sem streymir skyndilega úr olíugeymi, olíueldstæði, kælískáp eða kælíkerfi.

8. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- á búnaði sem stendur í kjallara nema hann standi á a.m.k. 10 cm háum undirstöðum sem ekki drekka í sig raka.
- sem hlýst af langvarandi leka eða raka.
- vegna myglu eða sveppagróðurs þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.
- af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, skólps eða úrkomu, sbr. þó c-lið 7. gr.
- vegna flóða frá sjó, stöðuvötnum, ám eða lækjum.
- vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennislíögnum þeirra.
- sem hlýst vegna byggingarvinnu, viðgerða eða viðhalds.
- sem verður við áfyllingu olíu- eða kælivökva.

9. gr. Varúðarreglur

- Vátryggður skal sjá til þess að lögnum og fasttengdum tækjum sé vel við haldið.
- Í úpphrituðu húsnæði skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi. Vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- Vátryggður skal sjá til þess að vátryggður búnaður í kjöllumurum sé á upphækkaðri grind og að niðurföll séu í rýminu.
- Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim snjó, klaka, lauf og yfirborðsjarðveg.

4. Kafli. Innbrotstrygging (Valkvæð)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á vátrygngarskírteini.

10. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón vegna:

- þjófnaðar og skemmda á vátryggðum búnaði við innbrot. Það telst innbrot þegar aðili brýtur sér leið inn á vátryggingarstað, með afbrigðilegum ráðum eða með stolnum lykli, um læstar dyr eða op sem ekki eru ætluð til inngöngu. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot.
- skemmda sem verða á húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots þar sem hið vátryggða lausafé er staðsett. Á þetta bæði við um það húsnæði, sem er eign eiganda hinna vátryggðu muna og það húsnæði sem hann ber ábyrgð á, sem leigutaki. Hámark greiðsluskyldu félagsins er 10% af vátryggingarfjárhæð.
- ráns á vátryggingarstað eða í flutningi innanlands. Það telst rán þegar vátryggðir munir eru teknir af vátryggðum eða starfsmönnum hans með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Bætur vegna þessa líðar takmarkast við 10% af vátryggingarfjárhæð.

11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- sem verður vegna innbrota eða tilrauna til þeirra af hendi starfsfólks váttryggðs eða þegar starfsfólk er þátttakandi (meðvaldur) í slíku broti.
- vegna þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum eða öðrum slíkum geymslum sem ekki eru varanlegar né tryggar.

12. gr. Varúðarreglur

- Váttryggður skal sjá til þess að dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar váttryggingarstaður er yfirgefinn.
- Váttryggður skal sjá til þess að lykjar og aðgangskort séu geymd þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

5. Kafli. Fok- og óveðurstrygging (Valkvæð)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini.

13. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á váttryggðum búnaði sem verður af völdum óveðurs, það er þegar vindur mælist yfir 28,5 m/s samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað. Til óveðurstjóna teljast eingöngu tjón á váttryggðum búnaði innanhúss þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.

14. gr. Varúðarreglur

- Váttryggður skal sjá til þess að váttryggður búnaður í kjöllum sé á upphækkaðri grind og að niðurföll séu í rýminu.
- Váttryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim.

6. Kafli. Almenn ákvæði

15. gr. Hvað er váttryggt og hvað er ekki váttryggt?

Váttryggingin tekur til véla- og rafeindatækja sem tilgreind eru á váttryggingarskírteini. Tækin skulu vera uppsett og prófuð samkvæmt fyrirmælum framleiðenda. Fylgitæki eru aðeins váttryggð ef þau eru tilgreind sérstaklega á váttryggingarskírteini.

16. gr. Hver er váttryggður og meðváttryggður?

Váttryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilgreindir eru í váttryggingarskírteini.

Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í váttryggðum búnaði eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðváttryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en váttryggður.

17. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir um váttryggða muni á meðan þeir eru á þeim váttryggingarstað sem tilgreindur er á skírteininu. Váttryggingin tekur ekki til búnaðar sem geymdur er utanhúss, í opnum skemmum eða skýlum eða húsum í smíðum.

18. gr. Váttryggingarverðmæti

Váttryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem fram kemur á váttryggingarskírteini. Fjárhæðin breytist við endurnýjun samkvæmt visitölu neysliverðs. Upphæð váttryggingarfjárhæðar telst ekki vera sönnun á verðmæti hinna váttryggðu hagsmuna. Váttryggingartaka (og váttryggðum) ber sjálfum að gæta þess að váttryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.

19. gr. Óbeint tjón

Váttryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.

20. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

21. gr. Ákvörðun bóta

- a. Tjónsbætur miðast almennt við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum, miðað við markaðsvirði á tjónsdegi.
- b. Ef altjón hefur orðið miðast bætur við sambærilegan búnað. Miða skal við enduröflunarverð sambærilegs búnaðar út frá aldri, gerð og notkun.
- c. Töpuð framlegð bætist ekki.
- d. Ef ekki er um altjón að ræða getur félagið annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist, þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- e. Ef félagið greiðir bætur í peningum eða útvegar sambærilegan hlut, áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- f. Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.
- g. Bætur greiðast ekki fyrir aukakostnað, svo sem vegna múrbrots, styrkingar á veggjum og gólfum. Sama gildir um aukakostnað vegna verkfalls, verkbanns, óviðráðanlegra orsaka (force majeure), yfirvinnu, hraðsendinga og flugsendinga.
- h. Ef varahlutir eru ekki fánlegir eða aðeins með verulegum tilkostnaði, skal miða fjárhæð bóta við það sem venjulega myndi hafa kostað að gera við skemmdirnar.
- i. Sé unnt að fá notaða varahluti, er félaginu heimilt að miða tjónsbætur við verð þeirra.
- j. Félagið greiðir kostnað af bráðabirgðaviðgerð ef slík viðgerð er hluti af endanlegri viðgerð og eykur ekki heildarviðgerðarkostnað.

22. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða vátryggðan búnað og umbúnað hans hvenær sem er á vátryggingartímanum og þegar félagið óskar.

23. gr. Önnur notkun eða starfsemi

Iðgjald þessarar vátryggingar fer eftir staðsetningu hins vátryggða og þeirri starfsemi sem þar fer fram og gefnar eru upplýsingar um við vátryggingartöku. Ef tiltekin starfsemi breytist ber vátryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt vátryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. vsl.

24. gr. Vísitala

Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

Skilmálar þessir gilda frá 01.10.2022